

**159** 25. okt. — Ist með löglegri dvöl hans í Seltjarnarneshreppi, og verður dvöl þessi því, hvernig sem á málið er litið, ekki lengri en  $9\frac{1}{2}$  ár, þangað til honum var veittur sveitarstyrkur. Samkvæmt þessu skal úrskurður sá, er þjer herra amtmaður hafið lagt á þetta mál óraskaður standa, og eruð þjer beðnir að tilkynna hlutadeigöndum það.

**160** 21. okt. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um jörðina Hraunkot.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu bjefi frá 6. ágúst þ. á. samþykkist þjer með, að jörðin Hraunkot, sem að undanfögnu hefir verið ljensjörð sýslumannsins í Skaptafellssýslu, en afgjaldið af henni á samkvæmt 1. gr. laga frá 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta að renna eptirleiðis í landssjóð — sje lögð undir umboðsstjórn Kirkjubæjar og Þykkvabæjarklausturs.

**161** 23. okt. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ritföng hreppstjóra.* — Í þóknanlegu brjefi frá 13. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, leitað úrskurðar míns um það, hvaðan hreppstjórar eigi að fá borgun fyrir ritföng, er þeir þurfa að kosta til vegna stöðu sinnar.

Skýrið þjer frá, að áður hafi það verið álit yðar og amtsráðsins í suðurumdæminu, að kostnaður þessi ætti að greiðast úr hlutadeigandi sveitarsjóði, en eptir að nú hefir verið ákveðið með 47. gr. reglugjörðar 29. apríl þ. á., að embættisbækur hreppstjóra skuli kostaðar úr sýslusjóði, er það álit yðar, að hin sama regla ætti að gilda um ritföng hreppstjóra. Fyrir því vil jeg tjá yður, að ekkert er því til fyrirstöðu, að sýslunefndirnar veiti hreppstjórum hæfilegt endurgjald fyrir ritföng, og vona jeg, að sýslunefndirnar gæti allrar sanngirni, þegar spurning verður um slíkar veitingar.

**162** 27. okt. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um gangnaskyldu hreppstjóra og uppboðslaun fyrir óskilafje.* Út af fyrirspurn sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu:

1. hvort hreppstjórar nú sjeu undanþegnir fjallgöngum og öðrum þessháttar almennum kvöðum og
2. hvort hreppstjórum beri enn  $\frac{1}{6}$  af andvirði óskilafjár í uppboðslaun og hvort annar sjöttungur þess megi vera ókrafinn,

hafið þjer, herra amtmaður tekið fram, að hreppstjórar hafi, áður en hin nýju sveitarstjórnarlög gjörðu þar á breytingu, haft alla umsjón og ráðstöfun á hendi um fjallgöngur, grenjaleitir, viðhald aukavega, vinnu og aðflutninga við kirkju- og þinghúsabyggingar. Þessi umsjón og eptirlit hafi verið þeim eins þung byrði og vinnan sjálf hafi verið öðrum sveitarmönnum, og hafi því hreppstjórar verið undanþegnir þessari vinnu, en úr því, að þeir nú eru orðnir lausir við umsjónina, verði líka hin áminnsta undanþága að vera fallin niður.

Hvað hina síðari spurningu snertir, álitíð þjer, að þeirri reglu, sem sett er í 71. gr. aukatekjureglugjörðar 10. septbr. 1830 um uppboð á óskilafje, verði eigi breytt nema með lögum, og að  $\frac{1}{6}$  af andvirði óskilafjár því eptir sem áður verði að greiðast hreppstjóra sbr. ráðgjafabjef frá 19. oktbr. 1878 (stjórnartíð. B. 167) og 46. gr. b. 9. reglugjörðar 29. apríl þ. á., en að annar sjöttungur andvirðisins, er áður bar sýslumanni, nú eigi að renna í landssjóð, og geti það í því tilliti ekki komið til greina, að sýslumenn sumstáðar hafi gefið hlutadeigandi sveitarsjóðum hluta þenna, á meðan þeir áttu hann.

Fyrir þessa sök vil jeg tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að jeg fellst alveg á það, er þjer herra amtmaður þannig hafið tekið fram.